

Pingsályktun

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (evrópskar reglur um fjármálaeftirlit).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd fyrirhugaðar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 um að fella inn í samninginn eftirtaldar gerðir og samning um breytingu á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um hlutverk og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði fjármálaeftirlits:

1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, um að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1022/2013 frá 22. október 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) að því er varðar sérstök verkefni sem Seðlabanka Evrópu eru falin samkvæmt reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013.
2. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, um að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB.
3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, um að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB.
4. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, um að fella inn í samninginn reglugerð

- Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun Evrópska kerfisáhætturáðsins.
5. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, um að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, skuldsetningu, gagnsæi og eftirlit, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 694/2014 frá 17. desember 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um ákvörðun á tegundum rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/514 frá 18. desember 2014 um upplýsingar sem lögberum yfirvöldum ber að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skv. 3. mgr. 67. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB, og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 447/2013 frá 15. maí 2013 um að koma á málsmeðferð fyrir rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem velja að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB taki til þeirra, og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 448/2013 frá 15. maí 2013 um að koma á fót málsmeðferð til að ákvarða tilvísunaraðildarríki fyrir rekstraraðila sérhæfðra sjóða utan ESB samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB.
 6. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, um að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 826/2012 frá 29. júní 2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilkynningar- og birtingarkröfur varðandi hreinar skortstöður, nánari lýsingu á upplýsingunum sem skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í tengslum við hreinar skortstöður og aðferðina við að reikna út veltu til að ákvarða hvaða hlutabréf skulu undanþegin, og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 827/2012 frá 29. júní 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðferðir við opinbera birtingu á hreinum skortstöðum, snið upplýsinganna sem skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um hreinar skortstöður, gerðir samninga, fyrirkomulags og ráðstafana til að tryggja með fullnægjandi hætti að hlutabréf eða ríkisskuldagerningar séu tiltækir vegna uppgjörs og dagsetningar og tímabil vegna ákvörðunar á meginvettvangi hlutabréfs samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 918/2012 frá 5. júlí 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga að því er varðar skilgreiningar, útreikninga á hreinum skortstöðum, varðar skuldatryggingar á ríki, tilkynningarmörk, seljanleikamörk vegna tímabundinna niðurfellinga, marktæka lækkun á virði fjármálagerninga og óhagstæða atburði, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 919/2012 frá 5. júlí 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga með tilliti til tæknilegra eftirlitsstaðla vegna aðferðarinnar við útreikning á lækkun á

- virði seljanlegra hlutabréfa og annarra fjármálagerninga og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/97 frá 17. október 2014 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 918/2012 að því er varðar tilkynningu um mikilvægar hreinar skortstöður í ríkisskuldum.
7. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, um að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.
 8. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, um að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 513/2011 frá 11. maí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki.
 9. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, um að fella inn í samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 272/2012 frá 7. febrúar 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af lánsþæfismatsfyrirtækjum, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 446/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um tæknilega eftirlitsstaðla um inntak og form reglubundinna skýrslna með matsgögnum sem lánsþæfismatsfyrirtækjum ber að leggja fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 447/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki þar sem mælt er fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla við mat á því hvort aðferð við lánsþæfismat uppfylli skilyrði, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 448/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um framsetningu upplýsinganna sem lánsþæfismatsfyrirtæki skulu gera aðgengilegar í miðlægu gagnasafni sem komið er á fót af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 449/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skráningarupplýsingar og vottun lánsþæfismatsfyrirtækja, og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 946/2012 frá 12. júlí 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar starfsreglur um sektir sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur á lánsþæfismatsfyrirtæki, þ.m.t. reglur um rétt til varnar og tímabundin ákvæði, og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/245/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Brasilíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki, og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/246/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Argentínu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki, og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/247/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki, og fram-

- kvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/248/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Singapúr jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um láshæfismatsfyrirtæki, og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/249/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Hong Kong jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um láshæfismatsfyrirtæki.
10. Samning um breytingu á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls með því að bæta nýrri 25. gr. a og nýrri bókun 8 við samninginn um hlutverk og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði fjármálaeftirlits.

Samþykkt á Alþingi 23. september 2016.